

Listaháskóli Íslands

Tónlistardeild

Nýmiðlabraut

Hvít þögn

John Cage og hljómandi þögnin

Lydía Grétarsdóttir

Leiðbeinandi: Atli Ingólfsson

Vorönn 2008

Efnisyfirlit

Hugtak þagnar.....	1
Svört þögn.....	2
John Cage og tónlistin í umhverfinu	5
Litlaus þögn.....	7
Hvít þögn.....	9
Tónlistin í þögninni.....	11
Hljómandi þögnin.....	13
Heimildaskrá.....	15
Myndaskrá.....	17

Hugtak þagnar

Hvað er þögn? Samkvæmt íslensku orðabókinni er þögn skilgreind á eftirfarandi hátt:

Þögn *þagnar, þagnir* KVK **1** það að þegja, tala ekki **2** hljóðleysi **3** hvíld milli atriða, þátta **4** tónl. þagnarmerki¹

Ef við svo flettum upp sama orði í enskri orðabók fáum við sömu skilgreiningu, þ.e. þögn er fjarvera alls hljóðs; kyrrð². Það yrðu eflaust flestir sammála þessu, þ.e.a.s. þeir sem hafa einhvern tímann velt því fyrir sér hvað felst í þögninni myndu eflaust segja að þögnin útskýri sig sjálf, hún feli í sér ekkert hljóð. En kannski er þögnin ekki öll þar sem hún er séð.

Í tónlist notum við þögn til að merkja inn tímapunkt þar sem engar nótur heyrast. En auðvitað eru alltaf einhver hljóð sem læðast inn í þessa þögn, hvort sem það er ískur í hljóðfærum eða kliður í áhorfendum. En þessi aukahljóð eru þó ekki flokkuð með sem tónlist, enda algjörlega fyrir utan tónverkið sem verið er að flytja og trufla því ekki tónlistarlegu þögnina.

Skilgreina mætti hugtak þagnar á þrjá mismunandi vegu: Svört þögn, litlaus þögn og hvít þögn. Svarta þögnin er fræðilega skilgreiningin, enda byggð m.a. á rannsóknum kanadíska tónskáldsins og tónvísindamannsins Raymond Murray Schafer. Hann hefur eytt stórum hluta ævi sinnar við hljóðeðlisfræðirannsóknir, sem er einhvers konar verkfræði hljóðsins, og skrifar um niðurstöður þeirra í bók sinni *Our sonic environment – The Soundscape and the tuning of the world* frá árinu 1977. Í þeirri bók telur hann m.a. upp allar þær tegundir hljóða sem fyrirfinnast í hljóðumhverfi mannsins. Ein þeirra er þögn³. Nánar tiltekið *svört* þögn.

Litlausa þögnin er heimspekilega skilgreiningin. Heimurinn er fullur af neikvæðum og jákvæðum hlutum, svörtum og hvítum, en þögnin er þar sem ekkert er. Hún er mitt á milli þess neikvæða og jákvæða, og er því litlaus. Hún er tákn fyrir stað sem er laus við hvers konar athafnir og er því kyrr. Stað sem er laus við skoðanir og tilfinningar, hvort sem eru neikvæðar eða jákvæðar, og því algjörlega þögull.

¹ *Íslensk Orðabók*. Ritstjóri Mörður Árnason. 3. útgáfa. Edda, 2002.

² Dictionary.com. *Silence* **1** the absence of any sound or noise; stillness. Dags. 17. jan 2008.

³ Schafer, R. Murray. *The Soundscape. Our sonic environment and the tuning of the world*. Destiny books, 1994. Bls. 144.

Að lokum er það hvíta þögnin, en hana mætti kalla rómantísku skilgreininguna; skilgreiningu listamannsins. Bandaríska tónskáldið John Cage á heiðurinn að þeirri skilgreiningu, enda er hann eflaust það tónskáld sem hefur hvað mest virt fyrir sér þögnina. Jafnframt sagðist hann hafa helgað tónlist sína henni⁴. Hann hafði mikinn áhuga á indverskri heimspeki og kynntist í gegnum hana hugmyndinni um litlausa þögn. Seinna komst hann svo að því að það væri til annars konar þögn; hvít þögn. Og hvít þögn er alls ekki þögn eins og hún er skilgreind í orðabókinni. Þvert á móti er hún uppfull af alls kyns hljóðum.

Cage var meðal leiðandi afla framúrstefnunnar í listmenningu eftirstríðsáranna og skipar stóran sess í hópi þeirra sem höfðu hvað mest áhrif á þróun tónlistar á 20. öldinni. Hann er einna þekktastur fyrir verk sín fyrir undirbúið píanó (e. prepared piano) og verkið 4'33'' sem hann samdi árið 1952. Verkið er fjórar mínútur og þrjátíu og þrjár sekúndur af þögn. Nánar tiltekið, fjórar mínútur og þrjátíu og þrjár sekúndur af *hvíttri* þögn.

Með verkinu umturnaði Cage þögninni. Þögnin var hvorki tómarúm þar sem ekkert bærðist, né var hægt að túlka hana með þagnarmerki í tónlist. Í raun var hún uppfull af hljóðum sem manningnum hafði aldrei dottið í hug að hlusta á áður. Þögnin, í bókstaflegum skilningi, var ekki lengur til.

Þessi ritgerð fjallar um hina þrjá liti þagnar, og hvað felst í hverjum lit fyrir sig. Er þögnin tómarúm, eða óendanlegt rými hljóða? Ef hún er uppfull af hljóðum, er hægt að kalla þessi hljóð tónlist?

Svört þögn

Raymond Murray Schafer fæddist þann 18. júlí 1933 í borginni Sarnia í Ontario fylki í Kanada. Hann stundaði nám við tónsmíðar og tónlistarfræði, bæði í London og heimalandi sínu, og síðar stundaði hann framhaldsnám við Simon Fraser háskólann í Kanada, þar sem hann hóf rannsóknir sínar á *soundscape* hugtakinu.

Schafer, sem bæði er tónskáld og kennari og hefur stundað margvíslegar rannsóknir á hljóðeðlisfræði, er hvað þekktastur fyrir að hafa komið á fót því sem á ensku nefnist

⁴ Revill, David. *The Roaring Silence. John Cage. A life*. Bloomsbury, 1992. Bls. 164.

The World Soundscape Project á seinni hluta sjöunda áratugar síðustu aldar⁵. Hugtakið *soundscape* er dregið af enska orðinu *landscape*, sem þýðir landslag, og mætti því þýða sem *hljóðlandslag*.

Hljóðlandslag er safn allra hljóða innan ákveðins umhverfis og gefur hugtakið til kynna hvernig við, sem lifum í hljóðumhverfinu, skynjum það.

Schafer fékkst þannig, ásamt hópi tónskálda og tónvísindamanna, við að kanna vistfræði hljóðlandslags, þ.e. nokkurs konar hljóðvistfræði. Meginmarkmið verkefnisins var að finna lausnir fyrir hljóðumhverfi í vistfræðilegu jafnvægi, þ.e.a.s. þar sem samfélag mannsins og hljóðumhverfið væru í jafnvægi, og jafnframt að finna leið til að bæta hljóðumhverfi mannsins.

Á meðan þessum rannsóknum stóð tókst Schafer að flokka, eins og áður sagði, öll hljóðin sem fyrirfinnast í umhverfi mannsins og flokkaði hann þar þögnina með en samkvæmt kenningum hans er þögnin svört⁶. Þ.e.a.s. þögn sem skilgreind er sem tómarúm; þar sem engin hljóð bærast. En af hverju svört?

Í ljósfræði er hvítur sá litur sem inniheldur alla aðra liti⁷. Það sama má segja um *hvítt hljóð* (e. white noise) sem inniheldur allar þær tíðnir hljóða sem mennirnir geta heyrt, sem eru tíðnir frá 20 – 20.000 Hz⁸. Ef við síum út allar hljóðbylgjurnar nema eina stendur eftir ein sínusbylgja, þ.e. einn tónn. Ef við síum hann einnig út stendur ekkert eftir. Ekki eitt einasta hljóð, heldur bara þögult, svart tómarúm.

Hægt er að túlka þetta tómarúm á bæði jákvæðan og neikvæðan hátt. Neikvæða túlkunin, samkvæmt Schafer, er hin dægigerða vestræna hugsun. Maðurinn óttast þögnina vegna þess að hann óttast dauðann og hin endanlega þögn er dauðinn. Fjarvera hljóðs minnir hann því á fjarveru lífs. Þess vegna notar maðurinn hljóð og umkringir sig hljóði, til að minna sig á að hann er ekki einn og til ýta undir hugarburðinn um eilíft líf. Þetta kann að þykja svolítið ýkt en þó er mikið til í þessu. Allt frá því að Galileo Galilei fann upp sjónaukann á 17. öld og kom með kenninguna um að geimurinn væri óendanlegur, hefur maðurinn óttast þennan óendanleika og eilífu þögnina sem honum

⁵ Kanadíska Alfræðiorðabókin. Dags. 17. janúar 2008.

⁶ Schafer, R. Murray. *Creative Music Education*. Schirmer Books, 1976. Bls. 52.

⁷ Sama heimild. Bls. 52.

⁸ Schafer, R. Murray. *The Soundscape*. Bls. 115.

fylgir. Franski heimspekingurinn Pascal komst svo að orði: „Hin eilífa þögn hins óendanlega geims hræðir mig.“⁹ Allt frá þeim tímum hefur maðurinn tengt þögnina að hluta til við dimma geiminn og hið óendanlega tómarúm þar sem ekkert hreyfist og ekkert heyrst.

Ef við lítum á þögnina í hljóðfræðilegu samhengi þá er skilgreining hennar sú sama, þ.e.a.s. þögn er fjarvera alls hljóðs.

Við skynjum hljóð vegna titrings loftsameinda sem mynda hljóðbylgjur. Þær valda titringi á hljóðhimnu eyrans og berast svo um heyrnarbeinin þrjú; hamar, steðja og ístað. Að lokum veldur bylgjan því að vökvinn í kuðungnum titrar og við skynjum hljóðið¹⁰.


Það gefur því augaleið að ef engar hljóðbylgjur

bærast í þögninni heyrst hún ekki og því skynjum við hana sem tómarúm.

Hins vegar er vert að athuga eitt. Eins og áður sagði, heyrum við bara hljóðbylgjur frá 20 – 20.000 Hz og allar tíðnir fyrir utan það svið heyrum við einfaldlega sem þögn. En auðvitað þarf þetta alls ekki að vera þögn í þeim skilningi að engin hljóð eigi sér stað, því e.t.v. heyrum við þau ekki. Þess vegna gæti þögnin sem við skynjum í kringum okkur verið full af hljóðum sem eru einfaldlega fyrir utan okkar heyrnarsvið og því alls ekki hægt að skilgreina hana sem fjarveru hljóðs.

Svört þögn hefur líka, eins og áður sagði, jákvæða hlið.

Þar sem hún er tómarúm virkar hún eins og ílát fyrir hvað sem er. Ef við lítum á þögn með tilliti til tónlistarlegrar skilgreiningar hennar, þ.e. sem fjarveru nótna, sjáum við að sú þögn er ekki heldur fjarvera hljóðs. Jafnframt er hún, líkt og tómarúm, uppfull af möguleikum og er því efnilegasti hluti tónlistar. Hún bæði umlykur tónlist og opnar



⁹ Schafer, R. Murray. *The Soundscape*. Bls. 256. Þýðing: „Le silence éternel de ces espaces infinis m’effraie.“

¹⁰ Höfundur óþekktur. *Iðjuþjálfun LIE0103. 7. kafli – skynáreiti*. <http://glosur.wordpress.com>, 2006. Dags. 16. janúar 2008.

hana fyrir nýjum hljóðum. Schafer segir að bak við hvert tónverk sé annað tónverk; tónverk úr hljóðum umhverfisins, sem í tónlist kallast þögn, en er í raun samsett úr hljóðum sem okkur hefur verið kennt að hunsa, vegna þess að þau eiga ekki heima inni í tónverkinu sem verið er að flytja¹¹.

Schafer gengur jafnvel svo langt að segja að ekkert sé jafn himneskt og töfrandi í tónlist eins og þögn¹². Þegar hún kemur á eftir hljóði fyllist hún ómi þessa hljóðs og heldur því þannig lifandi. Þannig mætti segja að þögnin hljómi.

Það er því enginn staður sem er fullkomlega þögull eða fullkomlega kyrr. Ef við viljum upplifa fullkomna kyrrð þurfum við e.t.v. að líta inn á við og róa hugann eða í orðum Schafer: „Róið hljóðin í huganum ... þá mun allt annað fylgja með tímanum.“¹³ En sú þögn er ekki svört, heldur litlaus.

John Cage og tónlistin í umhverfinu

John Cage fæddist þann 5. september 1912 í Los Angeles¹⁴. Árið 1931 hóf hann nám í tónsmíðum og lærði hjá ekki ómerkari tónskáldum en Henry Cowell og Arnold Schönberg sem báðir eru þekktir fyrir að hafa farið frumlegar leiðir í tónlist. Til að fá kennslu hjá hinum síðarnefnda varð Cage að lofa því að tileinka líf sitt tónlist¹⁵, sem hann stóð svo sannarlega við.

Cage lærði hjá Schönberg í tvö ár. Á þeim tíma leit kennarinn aldrei við tónsmíðum hans enda sagði Schönberg seinna að hann sæi Cage ekki sem tónskáld heldur sem uppfinningamann og það með afburðum¹⁶.

Þetta var ekki svo fjarri lagi en Cage sagði sjálfur, eftir að hafa kynnt sér samtíma-tónlist, að allt sem hægt var að gera í tónlist á þessum tíma var þegar búið að gera. Það sem hann langaði var að finna upp eitthvað nýtt. Hann efaðist þó um að honum tækist það. Í dag vitum við þó að honum skjátláðist hrapallega.

¹¹ Schafer, R. Murray. *Creative music education*. Bls. 105.

¹² Sama heimild. Bls. 52.

¹³ Schafer, R. Murray. *The Soundscape*. Bls. 259. Þýðing: „Still the noise in the mind ... then everything else will follow in time.“

¹⁴ Grove Music Online. Dags. 12. nóvember 2007.

¹⁵ Reville, David. Bls. 47.

¹⁶ Sama heimild. Bls. 49.

Árið 1936 kynntist Cage listamanninum Oskar Fischinger. Fischinger vann að gerð abstrakt teiknimynda sem hann setti við tónlist. Hann fékk Cage til að búa til tónlist við eina mynda sinna og réði hann í leiðinni sem aðstoðarmann sinn til að sýna honum hvernig myndirnar væru gerðar. Fischinger sagði Cage að allt í heiminum hefði sinn eigin anda og með því að koma titringi af stað yrði þessi andi heyrnlegur¹⁷. Þetta kveikti afskaplega mikinn áhuga hjá Cage og hann byrjaði að banka, slá og nudda allt sem hann sá, til að heyra mismunandi hljóðin sem hlutir gæfu frá sér.

Eftir samvinnuna við Fischinger fann Cage til nýkveiktrar og næstum dulrænnar virðingar fyrir öllum hljóðum. Hér var heill heimur af nýrri tónlist sem enginn hafði áður tekið eftir. Hann hugsaði með sér að öll þessi nýju hljóð ættu heima í tónlist ef þau bara væru í tónlist. En ekki voru öll hljóð tekin gild sem tónlist og þess vegna vantaði nákvæmlega það; tónlist úr hljóðum.

Ári seinna hélt Cage fyrirlestur í Seattle sem bar nafnið *The future of music: Credo*¹⁸ og fjallaði, eins og titillinn gefur til kynna, um framtíð tónlistar. Þar talaði Cage um hvernig æ fleiri tegundir hljóða væru sífelld að bætast inn í tónlist, ekki bara *tónlistarleg* hljóð (e. musical sounds, þ.e.a.s. hljóð sem með réttu eiga heima inni í tónlistinni, svo sem hljóðfærahljóð), heldur öll hljóð sem fyrirfinnast. Í framtíðinni myndu tónskáld ekki bara deila um ómblíð og ómstríð hljóð, heldur um fyrrnefndu tónlistarhljóðin og öll önnur hljóð umhverfisins. Tónskáld myndu standa frammi fyrir glænýjum hljóðheimi og þar með glænýjum tónlistarheimi. Hann sagði enn fremur að eflaust yrðu margir á móti þessum ótónlistarlegu hljóðum og myndu mótmæla því að um tónlist væri yfirhöfuð að ræða. Af þessum sökum setti Cage fram nýtt hugtak; í stað tónverks notaði hann hugtakið *samsetning hljóða* (e. organization of sound) og tónskáldið þar með *samsetjari hljóða* (e. organizer of sound).

Það sem Cage átti hins vegar eftir að uppgötva var að það voru ekki bara þessi tvenns konar hljóð – tónlistarleg og ótónlistarleg – sem gætu átt heima í tónlist, heldur átti hann eftir að uppgötva það þriðja, og það sem hann yrði síðar hvað þekktastur fyrir að nota; þögnina.

¹⁷ Revill, David. Bls. 52.

¹⁸ Cage, John. *Silence. Lectures and writings by John Cage*. Wesleyan University Press, 1973. Bls. 3.

Litlaus þögn

Það má segja að Cage hafi snemma byrjað að velta þögninni fyrir sér. Þegar hann var tólf ára gamall vann hann mælskukeppni í skólanum sínum sem fjallaði í stuttu máli um að Bandaríkin ættu að þagna til að bæta samband sitt við rómönsk-amerísku þjóðirnar¹⁹. Sjálfsagt meinti hann þetta þó ekki á bókstaflegan hátt, heldur ef til vill að fólk ætti að vera víðsýnna og opna þannig eyrun fyrir nýjum skoðunum og hugmyndum. Varla er þó hægt að segja að það hafi verið hér sem áhugi hans á þögninni kviknaði fyrir alvöru. Árið 1946 kynntist hann indverskri tónlistarkonu að nafni Gita Sarabhai. Hún hafði komið til New York til að stunda tónsmíðar hjá honum og kynnti hann fyrir indverskri heimspeki. Hún sagði honum jafnframt það sem kennari hennar í Indlandi hafði sagt henni; að tilgangur tónlistar væri að róa og kyrra hugann og þannig gera hann móttækilegan fyrir guðdómlegum áhrifum²⁰. Cage kolféll fyrir þessari austrænu speki og í kjölfarið sökkta hann sér algjörlega í hana.

Á næstu árum las hann mikið af ritum eftir indverska list- og heimspekinginn Ananda Coomaraswamy og lærði af skrifum hans um *Rasa*, þær átta tilfinningar í indverskum sviðslistum sem flytjandi eða leikari nær að vekja upp í áhorfendum sínum. Fjórar eru svartar: Reiði, ótti, andstyggð og sorg, og fjórar hvítar: Erótík, hugrekki, gleði og undrun. Allar stefna þær að því að nálgast hina níundu tilfinningu sem er í miðjunni og er litlaus; róin.²¹ Í rónni felst frelsi frá jákvæðu og neikvæðu tilfinningunum sem umlykja hana og frelsi frá athöfnum. Hún er því algjörlega þögul og kyrr.

Enn átti Cage eftir að kynnast öðrum hliðum á þögninni og ein þeirra var trúarlega hliðin. Í gegnum skrif Coomaraswamy kynntist hann kenningum þýska guðfræðingsins Meistara Johannes Eckhart, sem var uppi á 14. öld²². Eckhart leitaðist eftir að finna hinn innri tómeika sem hann kallaði *innri þögn* og taldi nauðsynlega til að nálgast Guð. Þögnin leyfir manni að heyra orð Guðs og þegar maður hefur tæmt hugann og róað meðvitundina, þá heyrir maður allt. Til að öðlast innri þögn þarf maður að neita

¹⁹ Pritchett, James. *Music in the Twentieth Century. The music of John Cage*. Ritstjóri Arnold Whittall. Cambridge University Press, 1994. Bls. 232.

²⁰ Sama heimild. Bls. 36-37. „... to sober and quiet the mind, thus rendering it susceptible to divine influences.“

²¹ Sama heimild. Bls. 29-30, 70-71, 228.

²² Encyclopædia Britannica Online. Dags. 14. febrúar 2008.

sjálfum sér, þ.e. tilfinningum sínum og hugsunum, og þá fyrst öðlast maður óendanlega vitneskju²³.

Eckhart líkti innri þögninni við himininn; jörðin gæti ekki flúið himininn, því hvert sem hún færi þá myndi himinninn alltaf umlykja hana og styrkja hana²⁴. Cage átti eftir að átta sig á því hvernig þessi líking tengdist þögninni og hversu mikill sannleikur var í þessum orðum.

Eftir þessi kynni Cage af mismunandi hliðum þagnarinnar vildi hann ólmur búa til verk sem gat endurspeglað hana. Hann talaði um þessar áætlanir sínar í fyrirlestrinum *A composer's confession*, sem hann hélt í Vassar háskólanum í New York árið 1948, þar sem hann sagðist hafa fengið tvær nýjar hugmyndir að verkum og sú fyrri var að semja verk úr samfelldri þögn. Verkið yrði um fjórar og hálf mínúta að lengd og myndi bera titilinn *Silent prayer*²⁵. Hann vildi búa til tónverk sem væri, líkt og róin, laust við tilfinningar og athafnir, algjörlega þögult, og þannig komast nálægt innri þögn Eckharts. En hann var smeykur við að láta verða af verkinu því hann var hræddur um að fólk teldi það kjánalegt og, það sem verra var, of einfalt. Að hans mati yrði verkið hápunktur sköpunar; list án sköpunar²⁶, en vissi hins vegar ekki hvort fólk væri undirbúið fyrir þess konar list.

Ári seinna, 1949, sá Cage málverkaröð eftir ungan listamann að nafni Robert Rauschenberg. Verkin, sem nefndust *White paintings*, voru eins og nafnið gefur til kynna, hvítir strigar. Það sem heillaði Cage var það sem Rauschenberg sjálfur sagði um verkin; að strigi væri aldrei auður heldur virkaði hann eins og nokkurs konar lendingarpallur fyrir ryk og skugga. Strigar væru speglar loftsins²⁷.

Cage fannst þessi málverk án mynda, á vissan hátt, veita honum leyfi til að búa til þögla verkið sitt, tónverk án hljóða. Þó myndu líða nokkur ár enn þar til hann léti verða af því en þá hafði hann uppgötvað nákvæmlega hversu mikla hliðstæðu þögnin ætti í hvítu málverkunum.

²³ Pritchett, James. Bls. 46.

²⁴ Cage, John. *Silence*. Bls. 145.

²⁵ Pritchett, James. Bls. 59.

²⁶ Kostelanetz, Richard. *Conversing with Cage*. Routledge, 2003. Bls. 69.

²⁷ Revill, David. Bls. 164.

Næsta árið hélt hann áfram að hugleiða þögnina og hljóð, samband þeirra hvort við annað og við tónlist. Í fyrirlestrinum *Forerunners of modern music* frá árinu 1949 segir Cage frá vangaveltum sínum; að tónlist sé búin til annars vegar úr hljóðum og hins vegar úr þögn²⁸. Þögn sé andstæða hljóðs en jafnframt nauðsynleg fyrir hljóð. Hann útskýrir þessar vangaveltur enn frekar í fyrirlestrinum *Lecture on nothing* frá árinu 1950 sem er byggður upp í formi tónlistar, þ.e.a.s. hverri blaðsíðu er skipt í dálka, sem þjóna sama tilgangi og taktar í tónlist. Cage skiptist á því að nota hljóð og þögn og segir jafnframt að til þess að þögn geti átt sér stað verði hann að halda áfram að tala²⁹. Hann stoppar oft inni í miðjum setningum og stundum mjög lengi, til þess að búa til þögn og sanna mál sitt; þögn og hljóð eru til hvort vegna tilvistar hins.

Nú var hann farinn að sjá þögnina á enn einn nýjan hátt. Í fyrirlestrinum líkir hann henni við tómt glas sem hægt er að fylla með hverju sem er³⁰, álíka því sem Schafer sagði um hvernig fylla mætti tómarúm. En þetta tómarúm var hvorki svart né litlaust, eins og Cage átti eftir að komast að, heldur var það hvítt.

Hvít þögn

Árið 1951 heimsótti Cage Harvard háskólann í Cambridge í Massachusetts en þar var að finna tvo klefa án bergmáls, svokallaða *anechoic chambers*, sem voru eins hljóðeinangraðir og bergmálslausir og var tæknilega mögulegt á þessum tíma. Annar þeirra, The Cruft Chamber, byggður 1943, var í eigu nytjaverkfræðideildarinnar og hafði m.a. verið notaður við almennar hljóð- og sveiflurannsóknir. Þykkir steypuveggir umluktu gluggalausan klefann og að innan var hann klæddur með tuttugu þúsund fleyglaga frauðsneiðum sem drógu í sig rúmlega 99,8 % af orku hljóðbylgja á bilinu 60 – 20.000 Hz³¹.

Cage bað um að fá að setjast inn í klefann og heyra hvernig það væri að heyra alls ekki neitt, vera í algjörri þögn. Enda bjóst hann ekki við öðru³². Því kom það honum verulega á óvart að inni í klefanum var alls ekki þögn, heldur heyrði hann tvö hljóð;

²⁸ Cage, John. *Silence*. Bls. 62.

²⁹ Sama heimild. Bls. 109.

³⁰ Sama heimild. Bls. 110.

³¹ Revill, David. Bls. 162.

³² Sama heimild. Bls. 162.

annað hátt og syngjandi en hitt lágt og eins og ákafur taktur. Þegar Cage spurði verkfræðing klefans hvernig þessi hljóð gætu læðst inn í klefann, þrátt fyrir umbúnaðinn, sagði verkfræðingurinn honum að ekki væri hægt að sía hljóðin sem hann heyrði út, þar sem þau kæmu viðstöðulaust frá hans eigin líkama; háa hljóðið væri taugakerfið hans, en lága hljóðið blóðrásin³³.

Þetta var merkileg uppgötvun fyrir Cage og eflaust sú merkilegasta hingað til. Hér var komin alveg ný hlið á þögninni og þar með ný leið til að nota hana. Ef manns eigin líkami gæfi alltaf frá sér hljóð væri þögnin, eins og hann hafði hingað til túlkað hana, ekki til. Ef hann ætlaði að halda áfram að vinna með þögn sem réttmætt hugtak þyrfti hann að skilgreina hana alveg upp á nýtt. Áður fyrr hafði hann ávallt sett skil á milli hljóðs og þagnar en reynsla hans í Cambridge sýndi honum að í raun var þögn, eins þversagnarkennt og það virtist, ekkert nema hljóð. Alveg eins og hvítu málverk Rauschenberg virkaði þögnin eins og lendingarpallur fyrir hljóðin í umhverfinu. Hún var auður strigi sem fylltist af umhverfi sínu. Þess vegna var hún hvít.

Það sem hann áttaði sig ennfremur á núna var að í stað þess að annars vegar væri til hljóð og hins vegar þögn, þá var til tvenns konar hljóð; hljóð sem er ásetningur, þ.e. fyrirfram ákveðið hljóð sem er viljandi búið til eða sett inn í tónlist (e. intended), og hljóð án ásetnings, þ.e. öll hin hljóðin sem koma tilviljanakennt utan úr umhverfinu og finna sér sjálf stað í tónlist (e. non-intended)³⁴. Þögn, í bókstaflegum skilningi, var ekki til. Það er alltaf eitthvað að gerast sem skapar hljóð³⁵. Hann skilgreindi því þögnina upp á nýtt; hún fól í sér afneitun ásetnings³⁶, þ.e. þögn er þegar engin fyrirfram ákveðin hljóð eiga sér stað.

Heimurinn var uppfullur af hljóðum. Sama hvar þú værir myndu þau umlykja þig. Eftir vinnuna með Fischinger vissi Cage að öll hljóð væru tónlist og þar með var hvíta þögnin óendanlegt rými tónlistar. Núna var hann tilbúinn til þess að gera þögla verkið sitt og hann vissi upp á hár hvernig það ætti að vera.

³³ Cage, John. *Silence*. Bls. 8, 13, 23, 51, 168.

³⁴ Sama heimild. Bls. 14.

³⁵ Sama heimild. Bls. 191.

³⁶ Kostelanetz, Richard. Bls. 198.

Tónlistin í þögninni

Eftir fjögurra ára meðgöngu kláraði Cage loks þögla verkið sitt árið 1952. Verkið er í þremur köflum en í upprunalegu raddskránni er sá fyrsti þrjátíu sekúndur, annar kaflinn tvær mínútur og tuttugu og þrjár sekúndur og sá þriðji ein mínúta og fjörutíu sekúndur³⁷. Tímalengd kaflanna er algjörlega tilviljanakennd en saman eru þeir alls fjórar mínútur og þrjátíu og þrjár sekúndur að lengd og hlaut verkið því nafnið 4'33''. Í endurútgáfu frá árinu 1960 eru tímalengdirnar hins vegar, eins og hljóðfæraskipan, alveg frjálsar³⁸ en verkið er fyrir hvaða hljóðfæri, eða samsetningu hljóðfæra, sem er. 4'33'' var frumflutt 29. ágúst 1952 á góðgerðarsamkomu nútímalistamanna í New York. Það var ungur píanóleikari að nafni David Tudor sem fékk þann heiður að flytja verkið. Til að gefa merki um að verkið væri byrjað lokaði hann píanóinu og sat svo sem fastast með skeiðklukku til að mæla tímann og fletti blaðsíðum eftir því sem honum leið. Kaflaskipti markaði hann með því að opna og loka píanóinu aftur. Að þriðja kaflanum loknum opnaði hann píanóið og stóð upp³⁹.

Áhorfendur voru allflestir lítt hrifnir af verkinu og sumir gengu jafnvel út. Aðrir urðu mjög æstir enda ekki vanir því að fara á tónleika án þess að fá að heyra eina einustu nótu spilaða⁴⁰.

Því var greinilegt að flestir höfðu ekki gert sér grein fyrir tilgangi verksins; að hlusta. Verkið lætur í ljós viðurkenningu alls þess sem gerist í hljóðheimi tómarúms og þannig viðurkenningu þess að þögnin er full af hljóðum⁴¹. Þessum fjórum og hálfu mínútu hafði fólk ekki varið í þögn, heldur voru þær uppfullar af tilviljanakenndum hljóðum. Cage vildi að fólk hlustaði á hvernig hljóðin í umhverfinu mynduðu tónlist sem var, að hans mati, miklu áhugaverðari en sú tónlist sem það heyrði í tónleikasölum. Hefði fólk

³⁷ Cage, John. 4'33''. *Original version in Proportional Notation*. Henmar Press Inc., 1993.

³⁸ Cage, John. 4'33''. Henmar Press Inc., 1960.

³⁹ Solomon, Larry J. *The sounds of silence. John Cage and 4'33''*. <http://solomonsmusic.net/>, 2002. Dags. 17. janúar 2008.

⁴⁰ Kostelanetz, Richard. Bls. 70.

⁴¹ Sama heimild. Bls. 197.

bara hlustað nógu vel hefði það heyrt hana; vindinn í trjánum, regnið dynja á þakinu og kliðinn í salnum⁴².

Þó voru það ekki allir sem ekki skildu þögla verkið. Einleikari kvöldsins, Tudor, sagði að 4'33'' væri, vægast sagt, mögnuð reynsla fyrir eyrun⁴³. Enda hlustaði hann.

Fyrir utan það að hafa gefið Cage hugrekkið til þess að láta verða af þögla verkinu, þá hjálpuðu hvítu málverk Rauschenbergs honum óneitanlega að komast að niðurstöðu um þögnina. Í fyrirlestri sínum, *45' for a speaker* frá árinu 1954, bendir Cage á sameiginleg einkenni samtímamálverka og -tónlistar; hvorki rykkorn né hreyfingar skugga geti skemmt gott málverk og hvorki hósti né barnsgrátur geti skemmt gott tónverk⁴⁴. Eins og Rauschenberg lýsti málverkum sínum sem speglum loftansins, lýsti Cage þögla verkinu sínu sem tónleikum hljóðumhverfisins. Verkin þeirra þjónuðu, á vissan hátt, sama tilgangi. Rauschenberg vildi kenna fólki að horfa á nýjan hátt og Cage vildi kenna fólki að hlusta á nýjan hátt. Og báðir vildu þeir gera tónleikann sýnilegan og heyranlegan⁴⁵.



Hvítu málverk
Rauschenberg (t.v.)
sett við hlið raddskrá
4'33''(t.h.).
Auðveldlega má sjá
svipbrigðin og því
greinilegt hversu
mikil áhrif
málverkin höfðu á
Cage.

Þrátt fyrir að á sínum tíma hafi þögla verk Cage ekki vakið mikla hylli, er það í dag talið marka þáttaskil í tónlist 20. aldar, ef ekki í tónlist yfirhöfuð. Honum tókst að opna eyru fólks fyrir hinum nýja tónlistarheimi, hvort sem fólk viðurkenndi hann sem tónlist eða ekki.

⁴² Revill, David. Bls. 165.

⁴³ Sama heimild. Bls. 166.

⁴⁴ Cage, John. *Silence*. Bls. 161.

⁴⁵ Kostelanetz, Richard. Bls. 197-198.

Í fyrirlestri sínum, *Experimental music* frá árinu 1957, talar hann um þennan nýja heim tónlistar þar sem ekkert á sér stað nema hljóð, bæði þau sem merkt eru inn í verkin og líka öll hin sem merkt eru inn sem þagnir en opna tónlistina fyrir hljóðum umhverfisins. Hann segir að tómarúm sé ekki til vegna þess að það er alltaf eitthvað að gerast sem býr til tónlist. Hvernig sem við reynum, þá mun okkur aldrei takast að búa til þögn⁴⁶.

Hljómandi þögnin

Hvar sem við erum, hvort sem er úti á götu eða í nær algjörlega hljóðeinangruðum klefa, erum við umlukin hljóðum. Hljóðum frá vindinum, umferðinni, náttúrunni og jafnvel okkar eigin líkama. Þögn, í bókstaflegum skilningi orðsins, sem fjarvera hljóðs, tómarúm; svört þögn, er ekki til nema sem fræðileg kenning. Við getum aldrei upplifað fullkomna þögn.

Fullkomna kyrrð, hina litlausu innri þögn, getum við aftur á móti upplifað, en einungis sem hugarástand. Eftir að Cage komst að því að þögnin væri uppfyll af hljóðum skildi hann hvað Eckhart átti við þegar hann líkti þögninni við himininn. Cage lýsir þessu í fyrirlestri sínum *Lecture on something* frá seinni hluta sjötta áratugar síðustu aldar, þar sem hann segir að *eitthvað* og *ekkert* séu ekki andsnúin hvort öðru, þvert á móti þurfi þau hvort á öðru að halda⁴⁷. *Eitthvað*, að mati Cage, er hljóð og *ekkert* er þögn. Að mati Eckhart er *eitthvað* jörðin og *ekkert* er himininn. Hljóð getur ekki flúið þögnina sem umlykur það og, líkt og Schafer sagði, styrkir það. Því er eina leiðin til þess að upplifa fullkomna kyrrð, litlausa þögn, að líta inn á við og róa hugann.

Schafer segir að maðurinn óttist dauðann og þar með þögnina, þ.e.a.s. neikvæðu þögnina. En að mati Cage er viðurkenning dauðans uppspretta lífsins⁴⁸. Þögnin er alltaf jákvæð. Ef við sættum okkur við dauðann, munum við, eins og Eckhart sagði, heyra allt lífið í kringum okkur. Ef við sættum okkur við þögnina, viðurkennum hana, munum við, líkt Cage sagði, heyra öll hljóðin í kringum okkur.

⁴⁶ Cage, John. *Silence*. Bls. 7-8.

⁴⁷ Sama heimild. Bls. 129.

⁴⁸ Sama heimild. Bls. 135.

Þögnin er því hvít. Hún er auður strigi, lendingarpallur fyrir umhverfi sitt. Hún er tóm glas sem hægt er að fylla með hverju sem er.

Tónlistarmenn segja oft að tónlistin búi innra með manni. Það sem Cage sýndi okkur hins vegar með 4'33'' er að hún er líka allt í kringum okkur. Hann vildi kenna okkur að hlusta á umhverfið, ekki bara tónlistarlegu hljóðin, heldur tónlist hversdagsins sem umlykur okkur hvert sem við förum.

Það verður hver að gera upp við sig hvort hljóðin í umhverfi okkar séu tónlist. En ef við ákveðum það sjáum við að tónlistin er alls staðar, meira að segja í þögninni.

Heimildaskrá

- Cage, John. *4'33''*. Henmar Press Inc., 1960.
- Cage, John. *4'33''*. *Original version in Proportional Notation*. Henmar Press Inc., 1993.
- Cage, John. *Silence. Lectures and writings by John Cage*. Wesleyan University Press, 1973.
- Höfundur óþekktur. *Iðjuþjálfun LIE0103. 7. kafli – skynáreiti*.
<http://glosur.files.wordpress.com/2006/04/eyrun.pdf>, 2006. 16. janúar 2008.
- Íslensk Orðabók. Ritstjóri Mörður Árnason. 3. útgáfa. Edda, 2002.
- Kostelanetz, Richard. *Conversing with Cage*. Routledge, 2003.
- Pritchett, James. *Music in the Twentieth Century. The music of John Cage*. Ritstjóri Arnold Whittall. Cambridge University Press, 1994.
- Revill, David. *The roaring silence. John Cage. A life*. Bloomsbury, 1992.
- Schafer, R. Murray. *Creative music education. A handbook for the modern music teacher*. Schirmer Books, 1976.
- Schafer, R. Murray. *The Soundscape. Our sonic environment and the tuning of the world*. Destiny Books, 1994.
- Solomon, Larry J. *The sounds of silence. John Cage and 4'33''*.
<http://solomonsmusic.net/4min33se.htm>, 2002. 17. janúar 2008.
- Alfræðiorðabók Britannica.
<http://www.britannica.com/eb/article-9031912/Meister-Eckhart> 14. febrúar 2008.
- Ensk orðabók.
<http://dictionary.reference.com/browse/silence> 17. janúar 2008.
- Glósur úr iðjuþjálfun.
<http://glosur.files.wordpress.com/2006/04/eyrun.pdf> 17. janúar 2008.
- Grove Music Online.
http://www.grovemusic.com/shared/views/article.html?from=search&session_search_id=894359568&hitnum=1§ion=music.49908 12. nóvember 2007.

Kanadíska alfræðiorðabókin.

<http://www.thecanadianencyclopedia.com/index.cfm?PgNm=TCE&Params=U1ARTU0003133> 17. janúar 2008.

Myndaskrá

Mannseyrað

Fengin af vef Vinnueftirlitsins.

<http://www.vinnueftirlit.is/vinnueftirlit/havadi/liffraedin/eyrad/> 13. febrúar
2008.

Málverk Robert Rauschenberg ásamt raddskrá 4'33''

Fengið af vef Larry J. Solomon.

<http://solomonsmusic.net/4min33se.htm> 17. janúar 2008.